



Fjarðabyggð (f.h. Brák íbúðafélags hses)  
B.t. Snorra Styrkársonar  
Hafnargata 2  
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 27. maí 2024  
Tilvísun: 202403630

### Efni: Úthlutun stofnframlaga ríkisins 2024 – niðurstaða

Visað er til umsóknar Fjarðabyggðar, kt. 470698-2099, um stofnframlag á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016.

Sótt er um: 18% stofnframlag og sérstakt byggðaframlag  
Sveitarfélag: Fjarðabyggð  
Fjöldi íbúða: 2  
Staðsetning: Eskifjörður  
Leigjendahópur: Tekju- og eignalágir á vinnumarkaði  
Tegund umsóknar: Kaup

HMS hefur metið umsóknina og var niðurstaðan sú að samþykka umsóknina, sbr. sundurliðun fjárhæða hér fyrir neðan. Umsóknin er í samræmi við markmið laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og reglugerðar nr. 183/2020 og uppfyllir þau skilyrði sem þar eru sett fyrir úthlutun stofnframlags ríkisins. Samþykkt er að veita 18% stofnframlag og sérstakt byggðaframlag vegna kaupa á framangreindum íbúðum miðað við stofnvirði að fjárhæð kr. 124.630.944,-.

Innsend umsókn		Samþykkt niðurstaða	
	kr.		kr.
Stofnvirði skv. umsókn	124.630.944,-	Samþykkt stofnvirði	124.630.944,-
Stofnframlag, 18%	22.433.570,-	Stofnframlag, 18%	22.433.570,-
Viðbótarframlag, 4%	0,-	Viðbótarframlag, 4%	0,-
Sérstakt byggðaframlag	10.000.000,-	Sérstakt byggðaframlag	10.000.000,-
Samtals stofnframlag	32.433.570,-	Samtals stofnframlag	32.433.570,-

### Skilmálar/leiðbeiningar

- Stofnframlag ríkis skal endurgreitt þegar þau lán sem tekin verða til að standa undir fjármögnun íbúðanna hafa verið greidd upp.
- Þinglýsa skal á viðkomandi fasteign kvöð um veðsetningarbann og takmarkanir á heimildum til afnota.
- Umsækjandi skal undirrita samning við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þar sem kveðið er á um helstu réttindi og skyldur aðila í tengslum við veitingu stofnframlagsins.
- Stofnframlag ríkisins er veitt með fyrirvara um staðfestingu á stofnframlagi sveitarfélags.
- Samhliða úthlutun stofnframlags telst skilyrði uppfyllt um lánveitingu frá Húsnæðissjóði vegna þeirra íbúða sem fá afgreitt stofnframlög í samræmi við IV. kafla reglugerðar nr. 805/2020.
- Útgreiðsla stofnframlags skal vera í samræmi við lög nr. 52/2016 og reglugerð nr. 183/2020.

Stofnframlagshafi getur nálgast ítarlega samantekt á einstökum matsþáttum í stofnframlagakerfi HMS. Stofnframlagshafa er velkomið að hafa samband við sérfræðinga HMS varðandi framangreinda niðurstöðu, sé þess óskað, í síma 440-6400 eða með því að senda póst á [stofnframlag@hms.is](mailto:stofnframlag@hms.is).

Virðingarfyllst, f.h. HMS

Hermann Jónasson,  
forstjóri HMS